



STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR
ÁRSSKÝRSLA 2007



EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA	3
ÁRSREIKNINGUR	19
SKÝRSLA STJÓRNAR	20
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	21
ÁRITUN TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGS	22
YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	23
EFNAHAGSREIKNINGUR	24
SJÓÐSTREYMI	25
DEILDASKIPT YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	26
DEILDASKIPTUR EFNAHAGSREIKNINGUR	27
DEILDASKIPT SJÓÐSTREYMI	28
SKÝRINGAR	29
KENNITÖLUR	36
FINANCIAL STATEMENTS 2007	39
REPORT OF THE BOARD OF DIRECTORS' AND MANAGING DIRECTOR	41
INDEPENDENT AUDITOR'S REPORT	42
STATEMENT OF CHANGES IN NET ASSETS FOR PENSION PAYMENTS	43
BALANCE SHEET	44
CASH FLOW STATEMENT	45
FINANCIAL INDICATORS	46

GÓÐIR DRAUMAR RÆTAST!

ÚTLITSHÖNNUN: GEIMSTOFAN
LJÓSMYNDIR: GÍSLI DÚA HJÖRLEIFSSON
PRENTVINNSLA: ÁSPRENT EHF.

STAPI
KENNITALA: 601092-2559
STRANDGATA 3 · 600 AKUREYRI



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

INNGANGURR

SAMEINING

Árið 2007 er fyrsta rekstrarár Stapa lífeyrissjóðs sem varð til við samruna Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands. Árið var viðburðarríkt bæði í starfsemi sjóðsins og rekstrarumhverfi.

Lífeyrissjóður Austurlands og Lífeyrissjóður Norðurlands voru formlega sameinaðir á stofnfundi þann 9. mars 2007, sem haldinn var í Reynihlíð í Mývatnssveit. Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar hins sameinaða sjóðs var einnig haldinn þann dag.

Sameiningin byggðist á samrunasamkomulagi sjóðanna frá því í nóvember 2006. Réttindaákvæði í samþykktum eldri sjóða voru samræmd í árslok 2006 þegar ákveðið var að fara í svokallað blandað réttindaávinnslukerfi. Átti þessi samræming m.a. að flýta fyrir sameiningu, þar sem samþykktarbreytingar við sameininguna sjálfa yrðu viðalitar og næðu einungis til breytinga á nafni sjóðsins og aðildarfélögum, auk breytinga á réttindum, en réttindi í Lífeyrissjóði Norðurlands voru hækkuð um 2,75% til að jafna stöðu sjóðanna. Þrátt fyrir þetta tók um 3½ mánuð að fá umsögn Fjármálaeftirlits og staðfestingu Fjármálaráðuneytis á samrunanum. Þetta er afar bagalegt þar sem mikil óvissa ríkir í rekstri sjóða þegar slíkt millibilsástand varir. Þannig hafa stjórnir eldri sjóða skilað umboði sínu (enda ekki kosin ný stjórn á ársfundum þeirra) og stjórn hins sameinaða sjóðs hefur ekki fengið umboð þar sem samruni hefur ekki verið staðfestur. Því myndast biðstaða þar sem erfitt er að taka ákvarðanir. Huga þarf að nákvæmari reglum um samruna sjóða og hvernig með skuli farið meðan millibilsástand varir. Verulegu máli skiptir fyrir starfsemi og afkomu sjóða að slíkt óvissuástand skapist ekki eða sé sem allra styst.

Þessi dráttur gerði það að verkum að ekki var hægt að hefja vinnu við sameiningu starfsemi og eignasafna sjóðanna fyrr en komið var fram á sumar. Sjóðirnir höfðu ólík tölvukerfi og því þurfti talsverða sérfræðivinnu til að lesa upplýsingar á milli kerfa. Sumarið er erfiður tími til að fá slíka hluti unna og lauk þeim því ekki fyrr en í september 2007. Það var fyrst þá sem frágangi við samrunan lauk. Þessi dráttur hafði í för með sér kostnað, auk þess sem öll stýring eigna var erfiðari, sem hafði slæm áhrif á afkomu sjóðsins.

Miklar vangaveltur voru um nafn á sameinuðum sjóði og komu fram margar tillögur. Að lokum var gerð skoðanakönnun hjá aðildarfélögum sjóðsins og varð nafnið Stapi lífeyrissjóður fyrir valinu.

Efnt var til samkeppni um firmamerki fyrir sjóðinn og bárust á fjórða tug tillagna bæði innlands og erlendis frá. Sérstök nefnd valdi úr tillögum og var tillaga frá Björgvin Guðjónssyni grafískum hönnuði fyrir valinu.

Gengið var frá nýju skipuriti fyrir sjóðinn og verkaskiptingu milli skrifstofa og starfsmanna. Sjóðurinn rekur tvær skrifstofur á Akureyri og Neskaupstað. Skipulag við innra eftirlit og öryggismál var uppfært til samræmis við sameinaðan sjóð. Einnig var gengið frá nýjum starfsreglum fyrir stjórn sem og reglum um verðbréfavíðskipti og reglum til að koma í veg fyrir peningaþvætti fyrir sjóðinn.

Ákveðið var að sjóðurinn verði með sjóðfélagalán sín í samvinnu við bankastofnanir líkt og Lífeyrissjóður Norðurlands var með áður. Sjóðurinn er með samninga við Kaupþing, Glitni, Sparisjóð Norðfjarðar og Sparisjóð Hornafjarðar vegna þessara lánveitinga.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

REKSTUR

Rekstrarumhverfi sjóðsins var krefjandi á árinu. Ávöxtun sjóðsins var minni en forsendur réttindaávinnslu gera ráð fyrir, en betri en viðmiðunarvísitala sjóðsins. Markaðsaðstæður voru um margt sveiflukenndar og erfiðar. Sú aukna áhættudreifing sem stefnt hefur verið að undanfarin ár hafði jákvæð áhrif á afkomu sjóðsins. Afkoma sjóðsins í öllum eignaflokkum var góð samanborið við viðmið. Erlend gjaldeyrisáhætta var hins vegar lítið varin sem hafði neikvæð áhrif á afkomu. Stór staða sjóðsins í ríkisskuldabréfasjóðum hafði einnig neikvæð áhrif á bókhaldslega afkomu sjóðsins.

Ný fjárfestingarstefna var mótuð fyrir sjóðinn í nóvember 2007 sem eykur sveigjanleika og þar með möguleika hans til fjárfestinga í hlutabréfum og óhefðbundnum fjárfestingum umfram það sem áður var. Virk áhættudreifing, mælingar og stýring á áhættu verða þó áfram mikilvæg markmið í stefnu sjóðsins. Ný stefna var mótuð um stýringu á gjaldeyrisáhættu og var ákveðið að auka varnir jafnt og þétt fram á mitt ár 2008. Jafnframt er gert ráð fyrir mun virkari stýringu á þessu sviði en áður var. Hefur sjóðurinn samið við tvo viðskiptabanka um að annast þessar gjaldeyrisvarnir. Stýring áhættu er mjög mikilvæg í starfsemi sjóða sem ekki hafa bakhjarla til að mæta niðursveiflum.

Málefni öryrkja voru áfram mikið til umræðu á árinu. Tekjuathugun var framkvæmd með nýjum hætti í samræmi við samþykktir sjóðsins. Þessi aðgerð mun hafa umtalsverðan sparnað í för með sér fyrir sjóðinn þegar til lengdar er lítið og þess sér þegar stað í skuldbindingum sjóðsins. Undanfarin ár hefur sjóðurinn ekki, nema að hluta til, tekið mið af tekjum öryrkja frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta hefur gert það að verkum að margir öryrkjar hafa hærri tekjur eftir orkutap en þeir höfðu fyrir, sem ekki er í samræmi við samþykktir sjóðsins. Stjórnin skoðaði ýmsar útfærslur á tekjuathugun, en niðurstaðan var sú að fara að fullu eftir gildandi samþykktum, sem þýðir að nú eru tekjur frá Tryggingastofnun teknar með að fullu.

Sjóðurinn hefur hafið samstarf við Starfsendurhæfingu Norðurlands um að þróa nýja aðferðafræði við örorkumat – eða starfsorkumat – og endurhæfingarúrræði fyrir umsækjendur um örorkulífeyri. Vonast er til þess að þessu verði lokið um mitt ár 2008 en um er að ræða nýja nálgun við þetta verkefni. Sjóðurinn tók þátt í stofnun Endurhæfingar Austurlands, sem er stofnsett á svipuðum grunni og Starfsendurhæfing Norðurlands. Vonast er til að fljótlega verði tekin upp svipuð samvinna á Austurlandi og nú er að fara af stað á Norðurlandi.

Enn á eftir að reyna á þessar nýju aðferðir en væntingar okkar standa til að þær bæti heilsufar og lífsleikni umsækjenda og dragi úr þörf fyrir örorkulífeyri þegar til lengdar lætur.

STARFSUMHVERFI

EFNAHAGSMÁL OG ÞRÓUN Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Undanfarin ár hafa einkennst af miklum vexti og þenslu í íslenska hagkerfinu. Þessu vaxtarskeiði hefur fylgt mikið ójafnvægi á ýmsum sviðum. Flestir greiningaraðilar áttu von á


SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Því að á árinu 2007 myndi draga verulega úr vextinum og hagkerfið myndi leita í átt til meira jafnvægis. Ekkert benti þó til þess framan af ári, útlánaaukning var áfram mikil, eignaverð héldu áfram að hækka og vinnumarkaðurinn var þandari en nokkru sinni fyrr og stöðutaka í íslensku krónunni áfram mikil. Verulegar breytingar urðu hins vegar um mitt ár þegar áhrifa húsnæðislánakreppunnar í Bandaríkjunum fór að gæta á fjármálamörkuðum heimsins. Eignamarkaðir sem verið höfðu sterkir framan af ári tóku að lækka og íslenska krónan gaf eftir. Í heild var efnahagsstarfsemin þó kröftug. Þannig mældist hagvöxtur ársins 3,8%, verðbólgan var 5,9%, atvinnuleysi í lok árs var aðeins 0,8%, útlán íslenska lánakerfisins til Íslendinga jukust um 25%, húsnæðisverð hækkaði um 15% og krónan endaði árið í 7% styrkingu en hún hafði mest styrkst um 14% seinni part júlímánaðar. Hin alþjóðlega fjármálakreppa sem byrjaði að hafa neikvæð áhrif hér á landi um mitt ár 2007 magnaðist þegar leið á árið og leiddi til vaxandi erfiðleika í ársbyrjun 2008, með mikilli verðlækkun hlutabréfa og nánast frjálssu falli íslensku krónunnar, eftir að markaður gjaldeyrisskiptasamninga þornaði að mestu upp. Ljóst er að það mikla ójafnvægi sem ríkt hefur í íslenskum efnahagsmálum undanfarin ár, ásamt örum vexti íslenska bankakerfisins, gerði það að verkum að íslenskt hagkerfi átti erfitt með að mæta erfiðum ytri aðstæðum og trúverðugleiki þess og íslensku bankanna hefur minnkað verulega. Svokallað skuldtryggingarálag á íslensku bankanna hefur hækkað mjög mikið og ljóst er að endurfjármögnun þeirra verður bæði erfiðari og dýrari. Þá hefur vaxandi vantrúar gætt að á því að íslensk stjórnvöld hafi bolmagn til að koma bönkunum til bjargar ef þess þyrfti. Lækkandi eignaverð, minni seljanleiki og samdráttur á lánamarkaði munu auka vanskil og afskriftir íslenskra fjármálafyrirtækja, en enn hefur lítið verið tekið á þeim vanda. Því er líklegt að árið 2008 verði ár mikillar aðlögunar í íslensku hagkerfi sem reyna mun verulega á krónuna, íslenskt fjármálakerfi og íslenskan almenning. Hversu hörð og langvarandi þessi niðursveifla verður ræðst þó að verulegu leyti af því hve langvarandi erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum verða og hversu sveigjanlegt íslenskt hagkerfi er til að mæta erfiðleikunum.

SKULDABRÉFAMARKAÐUR

Árið 2007 var þriðja erfiða árið í röð á íslenskum skuldabréfamarkaði. Ávöxtunarkrafan fór hækkandi fram eftir ári, bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum. Þensla og háir skammtíma vextir gerðu það að verkum að skuldabréf áttu erfitt uppdráttar og ávöxtunarkrafan hækkaði verulega þegar Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,45% í nóvember til að sporna gegn frekari þensluáhrifum. Leit lengi vel út fyrir að nafnávöxtun íslenskra ríkissverðbréfa yrði neikvæð á árinu. Flótti fjárfesta yfir í öruggari eignir í lok ársins, þegar fjármálakreppunnar fór verulega að gæta gerði það að verkum að ávöxtunarkrafan lækkaði nokkuð undir lok ársins og gaf samsett vístala ríkistryggðra skuldabréfa 2,19% jákvæða ávöxtun á árinu. Þetta nægði þó ekki til að mæta verðbólgu og var raunávöxtun þessara bréfa neikvæð á árinu um 3,5% og var árið 2007 slakasta árið frá því skipulegur markaður hófst á Íslandi. Ávöxtunarkrafan hélt áfram að lækka í ársbyrjun 2008 og eru líkur á að árið geti orðið hagfelld skuldabréfaár a.m.k. fyrir ríkisskuldabréf. Ástæðan er bæði sú fjármálakreppa sem ríkir, en einnig veltur á hvort seðlabanki Íslands muni lækka vexti þegar líður á árið, sem ætti að vera hagstætt fyrir skuldabréf. Vextir á öðrum markaðsskuldabréfum hækkuðu mikið á árinu og líklegt er að þeir haldist áfram háir þar til eðlilegt ástand kemst á fjármálamarkaði. Þá er líklegt að erfiðleikar fyrirtækja leiði til aukinna vanskila og jafnvel tapaðra krafna á þessum markaði þegar líður á árið.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA



HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Miklar sveiflur voru á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu. Markaðurinn hóf árið af miklum krafti og náði íslenska úrvalsvísitalan sögulegu hámarki um miðjan júlí þegar hún náði 9.016 stigum og hafði þá hækkað um tæplega 41% frá byrjun árs. Vísitalan lækkaði síðan nokkuð snarpt þegar áhrifa frá undirmálslánakrisunni í Bandaríkjunum tók að gæta og endaði árið í -1,4% lækkun frá ársbyrjun. Síðast skiluðu íslensk hlutabréf neikvæðri ávöxtun árið 2001 og eru þetta mikil umskipti eftir góð ár á innlenda markaðinum, en á árunum 2003-2006 var meðaltals ársávöxtun innlendra hlutabréfa 49%. Sérstaklega lækkuðu fjármálafyrirtækin mikið, en fjármálafyrirtæki vega um 90% í íslensku úrvalsvísitölunni. Var þetta í samræmi við miklar lækkanir fjármálafyrirtækja á mörkuðum erlendis. Snarpar lækkanir héldu áfram á árinu 2008 í janúar og febrúar en nokkur viðsnúningur varð í mars. Mikil skuldsetning á markaðinum og skortur á reglum um skortsölu hefur stuðlað að öfgakenndari lækkunum en annars hefði orðið.


Erfitt er að segja til um hvert áframhaldið verður, en þessar sveiflur hafa leitt í ljós þá vankanta sem eru á íslenska markaðinum. Fyrirtæki sem hafa nægjanlegan seljanleika til að vera raunhæfur fjárfestingarkostir eru fá, markaðurinn er afar einsleitur, eignarhald er þröngt og mikil kröfu- og eignatengsl eru milli helstu fyrirtækja. Þá hafa lækkanirnar opinberað með glöggum hætti þá veikleika sem eru í rekstri margra þessara fyrirtækja sem taka stórar skuldsettar hlutabréfastöður sem erfitt er að verja eða losa sig við í erfiðum markaðsaðstæðum. Allt þetta gerir áhættudreifingu erfiða á innlenda markaðinum.

Verðlagning á markaðinum hefur batnað í kjölfar lækkana, en erfitt er að spá fyrir um hversu mikil áhrif erfiðleikar á fjármálamörkum, sem leiða til umtalsvert minni umsvifa, munu hafa á hagnað

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

fyrirtækjanna. Erfiðleikarnir munu að öllum líkindum leiða til aukinnar hagræðingar og sameininga, sem ætti að styrkja fyrirtækin til lengri tíma litið. Þeir gætu einnig leitt til þess að stóru íslensku bankarnir færi höfuðstöðvar sínar úr landi, sem leiða myndi til verulegra breytinga á markaðinum, enda verða þeir þá ekki lengur „íslenskir“ í eiginlegum skilningi og hljóta í auknum mæli að vera bornir saman við aðra evrópska banka sem fjárfestingakostir. Það er því umhugsunarvert hvort að íslenski hlutabréfamarkaðurinn geti í framtíðinni flokkast sem sérstakur eignaflokkur í eignasöfnum stækkandi íslenskra lífeyrissjóða. Eðlilegra kann að vera að þeir líti til stærri svæða, eins og t.d. Norðurlandanna, þegar þeir skilgreina „heimamarkað“ eða hætti að gera greinarmun á innlendum og erlendum hlutabréfum í eignasöfnum sínum.

HLUTABRÉFAVÍSITÖLUR Í ISK



ERLENDIR MARKAÐIR


Veruleg umskipti urðu í heimsbúskapnum á árinu 2007 eftir hagfellda þróun undanfarinna ára. Áætlað er að hagvöxtur á heimsvísu hafi verið 3,5% og verðbólga hafi verið 2,7%. Minnkandi hagvöxt má einkum rekja til Bandaríkjanna, vegna lækkandi húsnæðisverðs og þeirra hremminga sem fjármálakerfi heimsins hafa lent í í kjölfarið, með vaxandi lausafjárskorti og vantrausti á getu fjármálafyrirtækja til að standa af sér erfiðleikana. Þótt húsnæðiskreppan í Bandaríkjunum hafi komið þessari neikvæðu þróun af stað er almennt viðurkennt að mikil og vaxandi skuldsetning í vestrænum hagkerfum síðastliðin 25 ár er rót þeirra vandamála sem þau eiga nú við að glíma. Viðvarandi lausafjávandræði í fjármálakerfinu hafa leitt til þess að fjárfestar hafa flúið úr áhættusamari eignum, eins og hlutabréfum og hávaxtaskuldabréfum, yfir í öruggara skjól ríkisverðbréfa. Mikil skuldsetning á eignamörkuðum, aukin notkun afleiðna og aukið flækjustig á fjármálavafningum hefur gert það að verkum að hreyfingar eru öfgakenndari en annars væri og mikið er um þvingaðar sölur eigna á lágum verðum.

Líklegt er að versnandi staða í Bandaríkjunum muni hafa neikvæð áhrif á önnur hagkerfi heimsins, ekki síst Evrópu og Suður Ameríku. Líklegt er að lánsfjákræppan hafi einnig neikvæð áhrif á Asíu þó hagvöxtur verði þar áfram mikill. Miklar hækkanir á olíu og hrávörum, ekki síst landbúnaðarafurðum, munu einnig hafa neikvæð áhrif á hagvöxt á sama tíma og verðbólga kann að verða vaxandi vandamál. Seðlabankar heimsins, einkum sá bandaríski hafa brugðist kröftuglega við til að reyna að sporna gegn samdrætti. Þetta hefur bætt stöðuna nokkuð á fjármálamörkuðum, en ólíklegt er að það komi í veg fyrir verulega hjöðnun hagvaxtar. Er því búist við talsvert lægri hagvexti á árinu 2008 og að ef til vill muni taka nokkurn tíma að vinna úr þeim erfiðleikum sem hrjá vestræn hagkerfi og fjármálamarkaði.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Líkt og á Íslandi fóru hlutabréf víðast hvar í heiminum vel á stað í ársbyrjun 2007, en fataðist flugið í kjölfar húsnæðislánakreppunnar. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index) hækkaði um 7,1%, alþjóðleg skuldabréf (JP Morgan Global Bond Index) hækkuðu um 11,6%, vísitala marksjóða (HFRI FoF Diversified Index) hækkaði um 9,7% og hrávörur (S&P GSCI Commodity Index) hækkuðu um 32,7%. Allar þessar hækkunir eru í bandaríkjadollurum. Þar sem krónan styrktist um 13,7% á móti dollar á árinu gáfu allir þessir eignaflokkar, að hrávörum undanskyldum, neikvæða ávöxtun í íslenskum krónum.

ÁVÖXTUN ERLENDRA HLUTABRÉFAVÍSITALNA Í USD



STARFSEMI SJÓÐSINS


LÍFEYRISMÁL

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar námu alls 1.970,5 milljónum króna og jukust um 3,9% frá fyrra ári. Á árinu fékk sjóðurinn greiddar 145,8 milljónir króna frá ríkinu í tengslum við samkomulag, sem gert var um jöfnun örorkubyrði milli lífeyrissjóða, við endurskoðun á kjarasamningum í nóvember 2005. Samkomulagið gerir ráð fyrir að hluta af tryggingagjaldi á árunum 2007-2009 verði ráðstafað til jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA. Greiðslan er færð til lækkunar á lífeyrisgreiðslum en hækkun lífeyris án endurgreiðslunnar var 11,5%. Lífeyrisbyrði sjóðsins sem hlutfall af iðgjöldum nam 37,5% en iðgjöld jukust um 15,3% milli ára sem er talsvert umfram launavísitölu en aukninguna má að stórum hluta rekja til lokaáfanga stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

Á liðnu ári hófu 272 sjóðfélagar töku ellilífeyris, 196 einstaklingar fengu úrskurðaðan örorkulífeyri, 81 makalífeyri og 54 barnalífeyri. Lífeyrisþegar í árslok 2007 voru 6.194. Hlutfall örorkulífeyris var á árinu 2007 29,6% (þegar tekið hefur verið tillit til áður greindrar endurgreiðslu frá ríkinu) samanborið við 35,1% í fyrra hjá sameinuðum sjóði. Ef ekki er tekið tillit til endurgreiðslu ríkisins þá væri hlutfallið 34,4%.


SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

SKIPTING LÍFEYRIS 2007



Ljóst er að örorka er vaxandi vandamál og hlutfall örorku í heildarlífeyrisbyrði sjóðsins er mun hærra en reiknað hefur verið með. Hátt hlutfall sjúkdóma sem rekja má til stoðkerfis, geð og þunglyndis hjá yngri sjóðfélögum er vaxandi og mikið áhyggjuefni. Hefur stjórn sjóðsins lagt mikla áherslu á samstarf við starfsendurhæfingar á starfssvæði sjóðsins í því skyni að grípa fyrir inn í með sjóðfélögum og vinna þannig í að hjálpa einstaklingum til að komast aftur á vinnumarkað og nýta þá starfsgetu sem þeir búa yfir.

ÁSTÆÐUR ÖRORKU - NÝIR ÚRSKURÐIR




FJÁRFESTINGARSTEFNA OG RÁÐSTÖFUN FJÁRMAGNS

Sjóðurinn hefur verið sett viðmiðunar vísitala, sem fjárfestingar sjóðsins taka mið af. Viðmiðunarvísitalan er samsett úr vísitölum þeirra eignaflokka sem sjóðurinn fjárfestir í. Þá hefur sjóðurinn ákveðin vikmörk í hverjum eignaflokki sem hann fjárfestir í og verða fjárfestingar að vera innan þessara vikmarka. Með þessum hætti fæst skýr samanburður á árangri sjóðsins og auðveldara verður að meta þá áhættu sem sjóðurinn er að taka í fjárfestingum sínum. Fyrir árið 2007 var viðmiðunarvísitala sjóðsins og vikmörk sett saman með eftirfarandi hætti:

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

EIGNAFLOKKUR	HEITI VÍSITÖLU	VÆGI	VIKMÖRK
Innlend skuldabréf	Samsett vísitala ríkisskuldabréfa	45%	20-50%
Innlend hlutabréf	Úrvalsvísitalan – OMXI 15	17%	10-35%
Erlend skuldabréf	JPM Global Bond Index	10%	0-20%
Erlend hlutabréf	MSCI World Index	18%	5-35%
Aðrar fjárfestingar	HFRI FoF Div. Index	6%	0-10%
Skammtímafrétt og innlán	3ja mánaða ríkisvixlar	4%	0-10%

Undirvísitölurnar gáfu mjög mismunandi ávöxtun á síðasta ári, sem sjá má á neðangreindu línuriti:



Árangur sjóðsins er borin saman við niðurstöðu viðmiðunarvísitölu, bæði hvað varðar ávöxtun og áhættu. Á sama hátt er ávöxtun og áhætta í hverjum og einum eignaflokki borin saman við ávöxtun viðmiðs viðkomandi eignaflokks. Markmið sjóðsins er að fjárfestingaáhætta hans sé að jafnaði ekki verulega hærri en viðmiðunarvísitölu mælt í staðalfrávik ávöxtunar. Síðastliðin 5 ár hefur áhætta sjóðsins mælt 4,79% samanborið við 5,66% áhættu vísitölnnar (staðalfrávik ávöxtunar). Meðalávöxtun Stapa lífeyrissjóðs á þessu tímabili er 14,25% samanborið við 12,45% ávöxtun vísitölnnar. Sjóðurinn hefur því náð betri ávöxtun en viðmiðunarvísitalan með minni áhættu. Hermiskekkja á þessu tímabili er 3,09% og árangurshlutfall (Information ratio) 0,38.

Auk fjárfestingaráhættu er fylgst með áhættu vegna skuldbindinga og svokallaðri samanburðar-áhættu, en þar er eignasamsetning sjóðsins borin saman við eignasamsetningu stærstu íslensku lífeyrissjóðanna og metið hvaða áhrif það hefur á mögulegan árangur og áhættu.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

ÁVÖXTUN


Ástand á fjármálamörkuðum var mjög krefjandi á árinu 2007 og sveiflur í ávöxtun flestra eignaflokka verulegar. Fjármagnstekjur Tryggingadeildar á árinu námu 4.543 milljónum króna árið 2007 samanborið við 11.418 milljónir króna árið áður. Þetta jafngildir 60% lækkun fjármagnstekna á milli ára, sem gefur góða hugmynd um breytingar á markaðsaðstæðum milli ára.

Ávöxtun Tryggingadeildar var þokkaleg miðað við þessar erfiðu aðstæður. Nafnávöxtun var 5,26% en raunávöxtun var neikvæð um 0,57%, en verðbólga á árinu var 5,86%. Sambærilegar tölur eru 16,19% nafnávöxtun og 8,64% raunávöxtun fyrir árið á undan.

Ávöxtun var því talsvert lægri en nemur 3,5% raunávöxtun sem réttindi sjóðfélaga eru reiknuð út frá. Þegar lítið er á lengri tíma meðaltöl hefur sjóðurinn náð þessu lágmarki, en meðal raunávöxtun sl. 5 ár er 8,7% og 6,2% sl. 10 ár.

Samanborið við viðmið var árangur sjóðsins góður, bæði hvað varðar sjóðinn í heild og einstaka eignaflokka. Erlendar eignir sjóðsins voru lítið varðar sem hafði neikvæð áhrif á ávöxtun og þá hafði stór staða sjóðsins í ríkisverðbréfasjóðum, sem taka markaðssveiflum, neikvæð áhrif á ávöxtunartölu ársins miðað við bókhaldslegt verðmat. Nokkrar breytingar voru gerðar á þessum þáttum fyrir árslok.

Ávöxtun á markaðsverðmæti í einstökum eignaflokkum var sem hér segir (samanburður við viðmið í hverjum flokki):




Eins og sjá má gáfu skammtímbréf bestu ávöxtunina á árinu, en erlend hlutabréf þá lökustu. Sjóðurinn náði betri ávöxtun en viðmið í öllum eignaflokkum, nema skammtímbréfum. Viðmiðið í skammtímbréfum er ávöxtun 3ja mánaða ríkisvixla, en ávöxtun af lausu fé sjóðsins, þ.m.t. af veltureikningum falla í þennan flokk en þeir bera augljóslega talsvert lægri vexti. Þá er nokkuð af lausa fé í erlendum gjaldmiðlum sem hafði áhrif til lækkunar.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þessar ávöxtunartölur eru miðaðar við markaðsverð verðbréfa, án gjaldeyrisvarna. Sjóðnum er hins vegar gert að gera upp skuldabréf á kaupávöxtunarkröfu og þá lýtur ávöxtunin út sem hér segir:

	2007	2006
Ávöxtun á markaðsverði	4,03%	16,73%
Mismunur vegna kaupávöxtunar	0,87%	0,50%
Rekstrar- og fjármagnsgjöld	-0,19%	-0,18%
Gjaldeyrisvarnir	0,33%	-1,01%
Aðrir liðir	0,22%	0,15%
	5,26%	16,19%

Nafn og raunávöxtun undanfarinna ára er sem hér segir:




Í stýringu á eignum sjóðsins er miðað við markaðsávöxtun eigna og mið tekið af viðmiðunarvísitölu sjóðsins. Viðmiðunarvísitalan og þau vilmörk sem einstökum eignaflokkum eru sett í fjárfestingastefnu sjóðsins afmarka þá áhættu sem sjóðurinn má taka. Árangur sjóðsins miðað við viðmiðunarvísitölu var sem hér segir á árinu:

	STAPI	VÍSITALA
Ávöxtun	4,03%	-0,60%
Umframávöxtun	4,63%	
Alpha	4,40%	
Áhætta	3,21%	4,35%
Árangurshlutfall (Information ratio)	1,88	
Hlutfall jákvæðra mánaða	75,0%	58,33%
Hermiskekka	2,33%	
Mánaðerlegt vágildi 99% (VaR)	-1,83%	-2,98%

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Síðastliðin 5 ár hefur árangur sjóðsins miðað við vísitölu verið eftirfarandi:


ÁVÖXTUN FRÁ JANÚAR 2003 - DESEMBER 2007



EFNAHAGUR OG TRYGGINGAFRÆÐILEG AFKOMA

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris var í árslok 89.384 milljónir og hafði hækkað um 7.657 eða 9,4% frá árinu á undan. Eignasamsetning deildarinnar í árslok var sem hér segir:

EIGNASAFN 31.12.2007




Hlutfall eigna í íslenskum krónum var 63% og hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum var 37%. Áfram hefur verið unnið að aukinni áhættudreifingu í safni sjóðsins og voru þessar breytingar helstar á eignasafninu:

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Eignaflokkar	Staða 31/12/2007	Staða 31/12/2006	Breyting
Ríkisverðbréf	23,0%	29,3%	-6,3%
Önnur innlend markaðsskuldabréf	14,9%	14,0%	0,9%
Veðskuldabréf	2,4%	0,8%	1,6%
Erlend skuldabréf	10,1%	9,4%	0,7%
Innlend hlutabréf	13,9%	17,3%	-3,4%
Erlend hlutabréf	19,0%	22,0%	-3,0%
Aðrar fjárfestingar	8,1%	4,1%	4,0%
Bankainnstæður og skammtímabréf	8,6%	3,1%	5,5%

Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var lítillega neikvæð á árinu eða um 1,6 milljónir króna. Þar sem ávöxtun náði ekki þeirri ávöxtun sem réttindaávinnsla miðast við hefði mátt búast við talsvert lakari afkomu. Meginskýringin felst í því að þær sparnaðarráðstafanir sem gripið hefur verið til í örorkulífeyri eru að skila árangri og tryggingafræðileg afkoma er mun betri en annars hefði orðið. Þetta kemur fyrst og fremst fram í bættri stöðu framtíðarskuldbindinga en hún batnaði um 2.088,8 milljónir króna, en staða áfallinna skuldbindinga versnaði talsvert eða um 2.057,4 milljónir króna. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er traust, en í árslok átti sjóðurinn 6.937 millj. kr. umfram áfallnar skuldbindingar eða 8,1% og 3.838,2 milljónir kr. umfram heildarskuldbindingar eða 2,2%. Sjóðurinn ætti því að þola talsverðar sveiflur í ávöxtun, án þess að til réttindaskerðingar þurfi að koma.


TRYGGINGAFRÆÐILEG AFKOMA 10 ÁR



Ef eingöngu er borin saman aukning bókfærðra eigna milli ára og aukning áfallinna skuldbindinga þá er afkoma ársins neikvæð um 3.549 milljónir króna.

Útgjöld sjóðsins falla til á löngum tíma í framtíðinni. Á myndinni hér að neðan má sjá áætlaðar tekjur, útgjöld og sjóðsstöðu fram til ársins 2080:

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA




ÍÐGJÖLD OG SJÓÐFÉLAGAR

Alls greiddu 21.298 sjóðfélagar hjá 2.896 launagreiðendum iðgjöld til deildarinnar á árinu en starfsvæði sjóðsins nær frá Hrutáfirði í vestri að Skeiðará í austri. Iðgjöld deildarinnar námu 5.240 milljónum króna og hækkuðu um 695 milljónir króna frá fyrra ári eða um 15,3%.

Alls greiddu 50 stærstu launagreiðendurnir um 58% af iðgjöldum til sjóðsins og eru iðgjöld þeirra sýnd á meðfylgjandi töflu. Langstærstu launagreiðendurnir eru verktakar vegna virkjana- og álverksframkvæmda á Austurlandi og þannig greiddu tvö stærstu fyrirtækin Bechtel og Impregilo sem svara tæpum 18% af iðgjöldum ársins.

30 STÆRSTU LAUNAGREIÐENDUR 2007




Glögggt má sjá áhrif þessara miklu framkvæmda á atvinnugreinaskiptingu en um 33% af iðgjöldum koma frá byggingariðnaði. Ljóst er að iðgjöld dragast allnokkuð saman á árinu 2008 þó ekki liggi fyrir hversu mikill samdrátturinn verður. Þá mun verða veruleg breyting á atvinnugreinaskiptingu.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Atvinnugreinaskipting


SKIPTING LAUNAGREIÐENDA EFTIR ATVINNUGREINUM



REKSTUR

Rekstarkostnaður Tryggingadeildar nam 106 milljónum króna samanborið við 89,7 milljónir króna á árinu áður og hækkaði 18,2%. Fjárfestingargjöld deildarinnar námu 55,3 milljónum króna samanborið við 83,3 milljónir króna árið áður og lækkuðu fjárfestingargjöldin því um 33,6%. Rekstarkostnaður nam 0,12% sem hlutfall af eignum deildarinnar sem er sambærilegt hlutfall og árið áður en fjárfestingargjöld námu 0,06% samanborið við 0,11% árið áður. Þannig hefur sameining sjóðanna þegar skilað hagræðingu í rekstrar- og fjárfestingarkostnaði og er þess vænst að enn frekari árangur náist í þeim efnum á komandi árum, en nokkur kostnaður vegna sameiningu sjóðanna er inni þessum tölum.

ÞRÓUN HEILDARKOSTNAÐAR




SÉREIGNARDEILD

Rekstur séreignardeildar gekk vel á árinu og hefur ávöxtun beggja safna deildarinnar verið góð mörg undanfarin ár. Nafnávöxtun á Safni I á árinu var 12,90% og raunávöxtun 6,65%. Nafnávöxtun á Safni II var 11,50% og raunávöxtun 5,33%. Ofangreindar ávöxtunartölur eru eftir allan kostnað, en þess er jafnan gætt að kostnaður við rekstur safnanna sé í lágmarki. Meðal raunávöxtun síðustu 5 ára eru 9,9% fyrir Safn I og 12,8% fyrir Safn II, sem hlýtur að teljast mjög góður árangur.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

NAFNÁVÖXTUN OG RAUNÁVÖXTUN SAFNA 2007




Söfnin hafa verið fjárfest í vel seljanlegum eignum, sem hefur gert það að verkum að auðvelt hefur verið að bregðast við aðstæðum og breyta eignasöfnunum. Áhættustýring er mjög mikilvæg í ávöxtun safnanna og er megin áhersla lögð á að tapa ekki peningum. Helstu skýringar á góðum árangri árið 2007 voru tiltölulega lítil staða í erlendum verðbréfum og hátt vægi innlendra skammtímaabréfa í stað ríkisskuldabréfa.


Iðgjöld Séreignardeildar voru 228,8 milljónir á árinu 2007 sem er hækkun um 58,6%. Að hluta til skýrist þetta af jákvæðum flutningi til deildarinnar upp á 35 milljónir króna, en flutningurinn var neikvæður árið 2006 upp á 24 milljónir króna. Ef ekki er tekið tillit til flutnings til og frá deildinni jukust iðgjöld um 15,2% milli ára. Mikil áhersla er lögð á að innheimta iðgjalda sé í föstum skorðum og að launagreiðendur skili þeim á réttum tíma.

Heildareignir Séreignardeildar námu í árslok 2.605,6 milljónum króna og höfðu vaxið frá fyrra ári um 442,6 milljónir eða 20,5%. Samsetning á eignum safnanna er sem hér segir:

SAFN 1




SAFN 2




Heildarkostnaður við starfsemi deildarinnar nam 12,2 milljónum eða 0,51% af meðaltali hreinnar eignar. Kappkostað er að stilla öllum útgjöldum deildarinnar í hóf.

Skilgreindar hafa verið viðmiðunarvísitölur fyrir bæði söfnin og tekur stýring safnanna mið af þeim. Bæði söfn hafa gert talsvert betur en viðmiðunarvísitölur eins og sjá má á neðangreindum súluritum um afkomu safnanna frá því að þau hófu göngu sína árið 1999:

SAFN 1



SAFN 2



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Bæði söfnin hafa skilað jákvæðri ávöxtun öll árin, en í Safni I hefur vísitalan verið neikvæð 1 ár af 9 en í safni 2 hefur hún verið neikvæð 3 ár af 9. Bæði söfnin hafa gert betur en vísitala í 7 af síðustu 9 árum. Vert er að vekja sérstaklega athygli á því hvað söfnin hafa staðið sig vel þegar erfiðleikar hafa verið á mörkuðum, en slíkt er mjög mikilvægt þegar um langtímasparnað er að ræða.

Fjárfestingarstefnu safnanna hefur verið breytt og fjölbreytni fjárfestingavalkosta aukin. Einföld og sveigjanleg stefna safnanna hefur þjónað þeim ágætlega undanfarin ár. Nú, þegar söfnin hafa stækkað talsvert, þykir tímabært að auka fjölbreytni og gera söfnunum kleift að fjárfesta í eignaflokkum sem hafa minni seljanleika. Megin markmiðið er að auka áhættudreifingu, ekki síst á óvissutímum. Viðmið safnanna eru sem hér segir:

SÉREIGNARDEILD STAPA - FJÁRFESTINGARSTEFNA

	Safni I	Safni II
Skuldabréf - Innlend	55-85%	40-75%
Hlutabréf - Innlend	5-20%	10-35%
Erlend verðbréf	0-20%	5-35%
Aðrar fjárfestingar	0-30%	0-30%

Undir innlend skuldabréf, geta fallið ríkisskuldabréf, önnur markaðsskuldabréf og skammtímaverðbréf þ.m.t. peningamarkaðssjóðir. Undir aðrar fjárfestingar falla marksjóðir, fasteignasjóðir og hrávörur.

LOKAORÐ

Starfsemi ársins 2007 markaðist mjög af þeirri sameiningu sem unnið var að á árinu. Sameiningin tókst í alla staði vel, þrátt fyrir að hún hafi tekið nokkuð lengri tíma en ráð var fyrir gert, þegar hún var samþykkt á ársfundum sjóðanna í mars 2007. Allir verkferlar og upplýsingakerfi eru farin að virka vel og verkaskipting og samstarf milli skrifstofa hefur gengið vel. Nokkur kostnaður var samfara sameiningunni, eins og ráð var fyrir gert, en við sjáum strax að sameiningin mun hafa sparnað í för með sér strax á árinu 2008. Stærri eining gefur sjóðnum aukna möguleika til verkaskiptingar og sérhæfingar starfsmanna og sér þess stað í nýju skipulagi hans, en m.a. hefur verið ráðið í nýtt starf sjóðsstjóra í eignastýringu sjóðsins.

Garðar Jón Bjarnason fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Austurlands lét af störfum á árinu og eru honum þökkud góð störf í þágu sjóðsins. Jafnframt er þeim sem sátu í stjórnnum eldri sjóða þökkud góð störf á umliðnum árum.

Stjórnin þakkar framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á árinu. Sömu þakkar eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR ÁRSREIKNINGUR 2007

SKÝRSLA STJÓRNAR

Á árinu 2007 greiddu 21.298 sjóðfélagar hjá 2.896 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins og námu iðgjöld ársins 5.469 millj. kr. Iðgjöld til tryggingadeildar námu 5.240 millj. kr. og hækkuðu um 15,3% frá fyrra ári og iðgjöld til séreignardeildar námu 229 millj. kr.

Heildarlífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 2.020 millj. kr. sem er um 4,75% hækkun frá fyrra ári. Ellilífeyrir nam 1.179 millj. kr., örorkulífeyrir 729 millj. kr., makalífeyrir 169 millj. kr., barnalífeyrir 40 millj. kr. Á árinu greiddi ríkissjóður til sjóðsins 145,8 millj. kr. til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða og hafa heildarlífeyrisgreiðslur verið lækkaðar um þá fjárhæð. Þá námu greiðslur úr séreignardeild 50 millj. kr. Lífeyrisþegar í árslok voru 6.194.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tryggingadeild og séreignardeild. Hrein eign til greiðslu lífeyris tryggingadeildar nam 89.384 millj. kr. í árslok og hækkaði um 7.657 millj. kr. eða um 9,37%. Hrein raunávöxtun tryggingadeildar miðað við vísitölu neysliverðs var neikvæð um 0,57%.

Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.606 millj. kr. í árslok. Hrein raunávöxtun Safns I var 6,65% og Safns II 5,33%.

Sjóðurinn fjárfesti fyrir 52.543 millj. kr. á árinu og er vísað til ársreiknings varðandi skiptingu fjárfestingarinnar.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu tryggingadeildar sjóðsins hefur verið gerð miðað við stöðu hennar í árslok 2007. Samkvæmt henni átti sjóðurinn 3.838 millj. kr. umfram eignir eða 2,2%. Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var neikvæð á árinu um 2 millj. kr.


Stjórn Stapa lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Akureyri, 7. febrúar 2008


Stjórn:



Björn Snæbjörnsson
stjórnarformaður



Aðalsteinn Ingólfsson
varaformaður




Anna María Kristinsdóttir




Ásgerður Pálsdóttir



Sigurður Hólm Freysson



Þorbjörg Þorfinnsdóttir



Kári Arnór Kárason
framkvæmdastjóri

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Stjórn og sjóðfélagar Stapa lífeyrissjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stapa lífeyrissjóðs fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar, kennitölur ásamt deildaskiptu yfirliti.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 7. febrúar 2008

PricewaterhouseCoopers hf.



Davíð Búi Halldórsson
endurskoðandi



Sighvatur Halldórsson
endurskoðandi

ÁRITUN TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGS

Til stjórnar og fulltrúaráðs Stapa lífeyrissjóðs

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Stapa lífeyrissjóðs í árslok 2007. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegt mat á stöðu lífeyrissjóða.

Forsendur sem miðað er við eru m.a. líflíkur árána 2001-2005, meðalöroklíkur íslenskra lífeyrissjóða samkvæmt nýrri athugun og 3,5% vexti p.a.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 16.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2007. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstrarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2007. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldabréfáæign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 3,5%.

Niðurstaða athugunarinnar er sú að eignir Stapa lífeyrissjóðs séu 2,2% umfram skuldbindingar í hlutfalli af skuldbindingum.

Reykjavík, 7. febrúar 2008



Bjarni Guðmundsson
tryggingastærðfræðingur

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS Á ÁRINU 2007

	Skýringar	2007	2006
Löggjöld			
Sjóðfélagar.....		1.914.651	1.708.521
Launagreiðendur.....		3.826.863	3.052.518
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....		(272.789)	(71.740)
<i>Löggjöld</i>		<u>5.468.725</u>	<u>4.689.299</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	6	2.020.104	1.928.529
Umsjónarnefnd eftirlauna.....		(11.283)	(14.007)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.....		5.612	4.111
<i>Lífeyrir</i>		<u>2.014.432</u>	<u>1.918.633</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum.....	7	702.269	1.959.321
Tekjur af húseignum og lóðum.....		167	66
Vaxtatekjur og gengismunur.....	8	3.703.972	10.357.661
Gjaldfærð niðurfærsla skuldabréfa.....		(33.989)	(80.334)
Aðrar fjárfestingartekjur.....		446.408	(437.370)
<i>Fjárfestingartekjur</i>		<u>4.818.826</u>	<u>11.799.344</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		59.287	86.407
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		114.207	95.750
Hækkun á hreinni eign á árinu		8.099.626	14.387.853
Hrein eign frá fyrra ári.....		<u>83.889.876</u>	<u>69.502.023</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u><u>91.989.502</u></u>	<u><u>83.889.876</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007

	Skýringar	2007	2006
Eignir			
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir.....	2, 9	96.134	98.749
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	3, 10	48.663.662	45.245.190
Verðbréf með föstum tekjum.....	3, 11	40.117.746	35.913.351
Veðlán.....	3, 11	1.237.122	1.289.224
Bankainnstæður.....		979.731	737.514
